

Bráðabirgðaaðkvæði.

89

Kosning fyrstu stjórnar fiskimálasjóðs og varamanna samkv. 1. gr. gildir til árs- 5. júní
loka 1950.

Gjört í Reykjavík, 5. júní 1947.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jón Pálmason.

Jón Ásbjörnsson.

(L. S.)

Jóhann P. Jósefsson.

L Ö G

90

um afgreiðslustöðvar fyrir áætlunarbifreiðar.

5. júní

HANDHAFAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki
voru:

1. gr.

Ríkisstjórnin gengst fyrir því, að byggðar verði og reknar afgreiðslustöðvar
í Reykjavík og þar annars staðar, sem þörf er, fyrir þær bifreiðar, sem annast áætl-
unarferðir á sérleyfisleiðum.

2. gr.

Ríkisstjórnin veitir sérleyfishöfum kost á að reisa og starfrækja stöðvar þessar
með styrk úr ríkissjóði, er ákveðinn verði í fjárlögum. Skal gerð stöðvanna og
rekstrarfyrirkomulag þó háð samþykki ríkisstjórnarinnar.

3. gr.

Hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarfélög skulu láta í té nægilega stórar og góðar
lóðir undir stöðvarnar á þeim stöðum, er bezt hentar með tilliti til umferðar.

4. gr.

Takist ekki samningar með ríkisstjórninni og sérleyfishöfum innan eins árs
um að hinir síðarnefndu reisi og reki stöðvarnar, er ríkisstjórninni heimilt að byggja
og reka stöðvar þessar á kostnað ríkissjóðs. Verði samkvæmt þessu stofnað til stöðv-
anna að öllu leyti á kostnað ríkisins og þær reknar af því, skal árlega verja til niður-
greiðslu byggingarkostnaðar helmingi sérleyfisgjaldsins, svo skal og heimilt að leita
eftir þátttöku hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarfélags um framlag til byggingar stöðvar.

5. gr.

Stöðvar þessar skulu, hvort sem þær verða reknar af sérleyfishöfum eða ríkis-
sjóði, taka að sér, gegn ákveðnu gjaldi, alla afgreiðslu áætlunarbifreiða fyrir sér-
leyfishafa, samkvæmt reglugerð og gjaldskrá, er samgöngumálaráðherra setur um
starfrækslu stöðvanna.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 5. júní 1947.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jón Pálmason.

Jón Ásbjörnsson.

(L. S.)

Emil Jónsson.